

Akureyri, 4. október 2018

Til sveitarstjórna innan Eyþings.

Samkvæmt 5.2. gr í lögum Eyþings skal kosið í fulltrúaráð Eyþings. Í ráðinu sitja 20 fulltrúar kosnir af sveitarstjórnnum til tveggja ára í senn. Kjörgengir í fulltrúaráð eru þeir sömu og kjörgengir eru á aðalfundi Eyþings. Aðalmenn í stjórn Eyþings eru sjálfkjörnir í fulltrúaráðið. Formaður stjórnar er jafnframt formaður fulltrúaráðs. Ráðið skiptir að öðru leyti með sér verkum.

Hlutverk fulltrúaráðsins er að vera stjórn til ráðgjafar í veigamiklum málum og að tryggja lýðræðislega aðkomu allra sveitarfélaga á starfssvæði Eyþings.

Á aðalfundi Eyþings voru eftirfarandi einstaklingar kosnir í stjórn og eru þeir því sjálfkjörnir í fulltrúaráðið fyrir sitt sveitarfélag:

Hilda Jana Gísladóttir, formaður, Akureyri  
Axel Grettisson, Hörgársveit  
Elías Pétursson, Langanesbyggð  
Helgi Héðinsson, Skútustaðahreppi  
Katrín Sigurjónsdóttir, Dalvíkurbyggð  
Kristján Þór Magnússon, Norðurþingi  
Sóley Björk Stefánsdóttir, Akureyri

Skipun fulltrúaráðs er eftirfarandi:

Akureyri	5 fulltrúar	Svalbarðsstrandarhr	1 fulltrúi
Grýtubakkahreppur	1 fulltrúi	Norðurþing	2 fulltrúar
Skútustaðahreppur	1 fulltrúi	Fjallabyggð	2 fulltrúar
Tjörneshreppur	1 fulltrúi	Dalvíkurbyggð	2 fulltrúar
Þingeyjarsveit	1 fulltrúi	Eyjafjarðarsveit	1 fulltrúi
Svalbarðshreppur	1 fulltrúi	Hörgársveit	1 fulltrúi
Langanesbyggð	1 fulltrúi		

**Óskað er eftir að netföng fylgi tilkynningu með nöfnum þeirra sem kosnir verða sem fulltrúar sveitarfélaga.**

Óskað er eftir að upplýsingar um skipun fulltrúa berist til Eyþings í síðasta lagi 22. október ([linda@eything.is](mailto:linda@eything.is))

F.h. Eyþings

  
Linda Margrét Sigurðardóttir  
verkefnastjóri